



Reykjavík, 5. desember 2019
R19120015
6631
ívs

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Hlemmur - Snorrabraut/Bríetartún - reitur 1.240.0 - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 5. desember 2019 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 4. desember 2019, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 4. desember 2019 á auglýsingu á tillögu að deiliskipulagi fyrir reit 1.240.0, Hlemmur, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Nýja deiliskipulagið, sem samþykkt var til auglýsingar í borgarráði í dag, miðar að því að auka aðdráttarafl Hlemms. Þegar framkvæmdum lýkur mun hann laða til sín fólk og mannfögnuð og verður til mikillar þrýði fyrir borgina. Þegar deiliskipulagið verður auglýst gefst íbúum kostur á því að koma með athugasemdir. Unnið hefur verið með verkefnið lengi og er þessi vinna afrakstur skipulagssamkeppni og mikillar samvinnu hönnuða og arkitekta í kjölfar hennar. Komið hefur fram að um 21.000 manns fari gangandi og hjólandi um torgið á degi hverjum eða um 70% af heildarumferð svæðisins.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Miðflokksins leggur til að breytingar á deiliskipulagi svæðisins verði endurskoðaðar í víðara samhengi. Mikil óánægja er meðal íbúa borgarinnar sem og rekstraraðila vegna fyrirhugaðra lokana Laugavegs frá Hlemm að Lækjargötu. Ekki verður við það unað að þær raddir séu virtar að vettugi. Hér er í raun gengið enn lengra og lokunin teygð allt að Katrínartúni. Kominn er tími á að hætta sýndarsamráði og taka upp alvöru samráð við íbúa borgarinnar. Rétt er á þessum tímamarki að minnast fundar sem borgarstjóri bauð til í Ráðhúsi borgarinnar kvöldið fyrir

sameiginlegan kosningafund allra framboða fyrir íbúa Miðborgar/Hlíða í aðdraganda síðustu kosninga. Til fundarins var boðið: Íbúum Miðborgar/Hlíða. Framsögumenn fundar voru aðeins tveir: Borgarstjóri og forstjóri Reita. Borgarstjóri fór víða í máli sínu og tók meðal annars fyrir hugmyndir sínar um Hlemmreit sem nú eru hér til afgreiðslu. Í lýsingum sínum um þann hluta götunnar sem liggur frá Hlemm upp að gömlu Mjólkursamsölu sagði borgarstjóri skælbrosandi: „Þetta er það sem við köllum oft fyrstu brekkuna upp í Breiðholt.“ Hvaða hug borgarstjóri ber til íbúa úthverfa borgarinnar ætla ég ekki að fullyrða um. Dæmi hver fyrir sig.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi gagnbókun:

Málið hefur verið í vinnslu í tvö ár. Við deilum ekki þeim tilfinningum að allir nágrannar svæðisins vilji hafa frekar hafa fullt af bílum í kringum Hlemm heldur en fullt af fólki. Lýsing fyrir þetta deiliskipulag fór í opið auglýsingar og kynningarferli fyrir á árinu. Götutalningar sýna að 70% notenda svæðisins eru gangandi og hjólandi. Það er því tímabært að gefa stærsta notendahópnum meira pláss í borginni.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Hér er um að ræða deiliskipulag fyrir Hlemm, Snorrabraut og nærliggjandi umhverfi. Fokkur fólksins er alltaf með sömu áhyggjurnar þegar skipulagsyfirvöld borgarinnar eru að vinna að deiliskipulagi og senda án samráðs við fólk í auglýsingu. Hlemmur er okkar allra, eitt af þeim svæðum sem flestir borgarbúa þekkja. Eina aðgengið fyrir bíla að Hlemmtorgi virðist verða í gegnum Rauðarárstíginn þrönga og erfiða götu, sem er aðalæðin þarna að. Áhyggjur eru af aðgengi fyrir fatlaða. Flokki fólksins finnst að borgarbúar eigi að koma meira að hönnun og skipulagi á fyrstu stigum verkefnis sem þessa. Sagt er að það sé ekki venja. Athugasemdir koma eftir að búið er að auglýsa skipulagið en reynslan sýnir að ekki er tekið tillit til allra athugasemda og oft ekki þeirra sem skipta flesta máli. Í ljósi slæmrar reynslu af þessum málum sbr. ákvarðanir og framkvæmdir í miðbænum í óþökk fjölda fólks óttast Flokkur fólksins að sama kunni að gerast hér. Lögbundið deiliskipulag þyrfti að fela í sér að strax á frumstigi sé meira rætt við fólk í borginni og hlustað á óskir og skoðanir þeirra og möguleg áhrif sem skipulagsbreytingarnar kunna að hafa á íbúa og rekstur á svæðinu og aðgengi að því.

Helga Björk Laxdal

e.u.